

7. fundur veitustjórnar haldinn miðvikudaginn 22. maí 2019 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Kauptilboð í eignarhlut Jóns Hermannssonar í Hitaveitu Grafarhverfis ehf.

Fyrir liggur kauptilboð í 10,84% hlut Jóns Hermannssonar í Hitaveitu Grafarhverfis ehf af hálfu Bláhvers ehf og hljóðar kaupverðið upp á kr. 4.000.000 fyrir eignarhlutinn. Jón upplýsti að málið hafi verið tekið fyrir á stjórnarfundum Hitaveitu Grafarhverfis ehf og síðan aðalfundi hitaveitunnar en báðir fundirnir voru haldnir þann 20. maí s.l. Kauptilboðið barst stjórn Hitaveitu Grafarhverfis 2. maí s.l. og hafa forkaupsréttarhafar tvo mánuði til að ákveða hvort þeir nýti sér forkaupsréttinn. Stjórn Hitaveitu Grafarhverfis samþykkti að félagið sjálf nýti sér ekki forkaupsrétt í félaginu en vísaði síðan málinu til einstakra hluthafa hvort þeir vilji nýta sér forkaupsréttinn.

Á aðalfundi Hitaveitu Grafarhverfis ehf kom fram að æskilegt væri að eigendur tækju sem fyrst afstöðu til þess hvort þeir myndu nýta sér forkaupsréttinn og að æskilegt væri að hluthafar verði búnir að tilkynna ákvörðun sína fyrir miðjan júní en frestur til að tilkynna slíkt rennur út um mánaðamótin júní/júlí.

Veitustjórn samþykkir að mæla með því að sveitarstjórn nýti sér forkaupsrétt sinn á hlutafénu.

2. Hrunaljós. Verksamningur við TRS.

Fyrir liggja drög að verksamningi milli Hrunaljóss og TRS ehf um einingarverð vegna viðhalds og viðbætur við ljósleiðarakerfi Hrunaljóss. Veitustjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann

3. Netöryggismál.

Fyrir liggur tilboð frá Mannvit verkfræðistofu vegna fyrsta áfanga vegna netöryggismála stjórnkerfa fyrir Hitaveitu Flúða og stofnanir Hrunamannahrepps. Fyrsti áfangi felur í sér stöðumat kerfa og áhættumat. Tilboðið í báða þætti hljóðar upp á kr. 2.099.550 án VSK. Veitustjórn telur ekki tímabært að taka afstöðu til tilboðsins og felur veitustjóra að skoða málið frekar.

4. Bifreiðarmál Hitaveitu Flúða.

Hannibal fór yfir magntilboð sem veitufyrirtæki hafa fengið í bifreiðir af sömu gerð og vinnubifreið Hitaveitu Flúða. Fram kom að Hitaveita Flúða á kost á að ganga inn í slíkt tilboð og endurnýja þar með Ford bifreið veitunnar sem er orðin 7 ára gömul. Veitustjórn felur veitustjóra að skoða málið áfram.

5. Skýrsla veitustjóra.

Hannibal fór yfir stöðu þeirra framkvæmda sem eru í vinnslu í sumar.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 16:35.